



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 6/2025 (nr. 114)

Dagsetning: 18.09. 2025 kl. 15:00-16:30

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL), Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Sveinn Margeirsson (SM) og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. EKG þurfti að víkja af fundi undir liðnum önnur mál vegna annars fundar. Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 113. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 114
- 2) Fundargerð fundar nr. 113
- 3) Fréttir úr starfi skólans
- 4) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 5) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 6) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 7) Kynning á hvernig stoðþjónusta HH er að undirbúa sig undir háskólasamstæðu - Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri kemur inn á fundinn.
- 8) Önnur mál.
 - a) Smávægileg breyting á starfsáætlun - Edda Matthíasdóttir kemur inn á fundinn.
 - b) Erindi frá Erni Karlssyni - Arnór Hafstað lögmaður kemur inn á fundinn.

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar 114. Samþykkt.
2. Fundargerð fundar nr. 113 samþykkt.
3. Rektor fór yfir fréttir úr starfi skólans síðustu mánuði. Skólastarf fer vel af stað. Ný námsbraut í járnningarfræði fór af stað í haust við Hestafræðideild og 4 nýjar námsbrautir í samþykktarferli í Fiskeldis- og fiskalíffræði og Ferðamálafræði sem munu vera í boði við skólann skólaárið 2026/27. Töluverður áhugi er á samstarfi við HH og hafa fulltrúar frá HH m.a. fundað með Háskólafélagi Suðurlands um samstarf til eflingar atvinnuvegum á Suðurlandi, þ.e. íslenski hesturinn, fiskeldi og ferðaþjónusta með aukna menntun íbúa að leiðarljósi.
4. Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Vinnufundur var haldinn í Reykjavík þann 9. september sl. Leiðtogar allra starfshópa ásamt lykil starfsfólki hópanna og stýrihóps verkefnisins mættu á fundinn og sögðu frá stöðu vinnu í hverjum starfshóp. Tveir fulltrúar frá háskólaráðuneytinu komu einnig á fundinn og sögðu frá stöðunni á vinnunni við gerð



frumvarpsdraga um breytingu á lögum um opinbera háskóla sem heimilar opinberum háskólum að mynda háskólasamstæðum. Það er gert ráð fyrir að leggja frumvarpið fyrir alþingi í nóvember nk. sem þýðir að ekki mun nánst að stofna háskólasamstæðuna formlega í janúar nk. Gert er ráð fyrir 2 vinnustofum á Hólum á næstu mánuðum í tengslum við kynningar- og markaðsmál sem og færslu Stofnunar rannsóknasetra HÍ til HH.

5. Rektor fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Lítið hefur gerst frá því á síðasta fundi en vinna við vinnslutillögu varðandi nýtt deiliskipulag v/áfanga 1 (lagareldishús) og 2 (almennt kennslu- og rannsóknahúsnæði) að Borgarflöt 35, Sauðárkróki er á lokametrunum og fer til umsagnar í Skiplagsgátt á næstu vikum. Frumathugun, hönnun og þarfagreining hefur ekki hafist vegna framtíðarhúsnæðis HH á Hólum.
6. Rektor fór yfir stöðuna á vinnu framkvæmdahóps á vegum forsætisráðuneytisins um endurreisn Hóla í Hjaltadal. Nefndin gerir enn ráð fyrir að skila af sér minnisblaði til forsætisráðherra í október nk.
7. Edda Matthíasdóttir kom inn á fundin og fór yfir helstu verkefni stoðþjónustu í undirbúningi háskólasamstæðu.
8. Önnur mál
 - a) Edda Matthíasdóttir kom inn á fundinn og útskýrði athugasemdir varðandi ósk háskólaráðs um að í starfsáætlun ráðsins væri fjárhagsáætlun á dagskrá á fundi ráðsins í október og nóvember. Hægt sé að leggja fram fjárhagsáætlun um miðjan nóvember en ekki í október miðað við sameiginlega tímalínu HÍ og HH fyrir áætlanagerð. Ráðið tók til greina athugasemdirnar en óskaði samt sem áður að hafa starfsáætlunina óbreytta þar sem farið væri yfir stefnumótandi aðgerðir fjármála í október en fjárhagsáætlun í nóvember.
 - b) Arnór Halldórsson lögmaður kom inn á fundinn og fútskýrði fyrirhuguð viðbrögð rektors við viðbrögðum Arnar Karlssonar við bréfi rektors HH sem sent var á AK þann 26.8. sl. Engin andmæli komu fram um fyrirhuguð viðbrögð.

Fundi slitið kl. 16:30